

ABC barnahjálp á Íslandi
Ársreikningur
2018

ABC barnahjálp á Íslandi
Víkurbær 2
203 Kópavogur
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með svipuðu sniði árið 2018 og undanfarin ár. Framlög til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá nema 178,5 millj. kr. miðað við 175,3 millj. kr. á árinu áður.


Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2018 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. maí 2019.

Í stjórn hjálparstarfsins:



Handwritten signatures in blue ink, including names such as Franck, Samuël Inguier, and others.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 13. maí 2019.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Gjafir og áheiti	4	154.691.771	178.346.138
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	4	7.231.938	7.982.517
Vörusala nytjamarkaðar		49.204.049	35.686.629
Framlag frá Vínafélagi ABC		0	356.700
Önnur framlög og styrkir	5	74.456.393	62.764.966
		285.584.151	285.136.950
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	6	55.128.023	48.861.800
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá	7	178.510.993	175.325.723
Annar rekstrarkostnaður	8	49.250.594	39.351.865
Afskriftir	9	1.490.925	998.053
		284.380.535	264.537.441
Rekstarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		1.203.616	20.599.509
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		632.175	483.843
Vaxtagjöld		(280.374)	(184.475)
Gengismunur		114.368	(591.889)
		466.169	(292.521)
Hagnaður ársins	10	1.669.785	20.306.988

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Eignir			
Hugbúnaður		4.200.867	1.778.360
Bifreið		1.714.558	2.204.432
Fastafjármunir samtals	9	<u>5.915.425</u>	<u>3.982.792</u>
Vörubirgðir		397.160	545.120
Viðskiptakröfur		8.744.579	8.317.636
Aðrar skammtímakröfur		25.000	0
Handbært fé		21.198.959	21.917.570
Veltufjármunir samtals		<u>30.365.698</u>	<u>30.780.326</u>
Eignir samtals		<u><u>36.281.123</u></u>	<u><u>34.763.118</u></u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	31.663.531	29.993.746
Eigið fé samtals		<u>31.663.531</u>	<u>29.993.746</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við lánastofnun		1.038.717	1.328.589
Viðskiptaskuldir		1.510.414	1.627.292
Ógreidd launatengd gjöld		2.068.461	1.813.491
Skuldir samtals		<u>4.617.592</u>	<u>4.769.372</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>36.281.123</u></u>	<u><u>34.763.118</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins	10	1.669.785	20.306.988
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	9	1.490.925	998.053
Veltufé frá rekstri		3.160.710	21.305.041
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, lækkun (hækkun)		147.960	(545.120)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(451.943)	2.909.555
Skammtímaskuldir, hækkun		138.092	313.839
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(165.891)	2.678.274
Handbært fé frá rekstri		2.994.819	23.983.315
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	9	(3.423.558)	(3.262.845)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	0	100.000
Fjárfestingarhreyfingar		(3.423.558)	(3.162.845)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímaskuldir, breyting		(289.872)	10.421
Fjármögnunarhreyfingar		(289.872)	10.421
Hækkun á handbæru fé		(718.611)	20.830.891
Handbært fé í ársbyrjun		21.917.570	1.086.679
Handbært fé í árslok	3	21.198.959	21.917.570

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

4. Gjafir, áheit og söfnunarfé börn hjálpa börnum

Gjafir, áheit og söfnunarfé sem safnast á árinu til hjálparstarfa greinist þannig:

	2018	2017
Gjafir og áheit	154.691.771	178.346.138
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir	7.231.938	7.982.517
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagskrá sjá nánar skýringu nr. 7	(178.510.993)	(175.325.723)
	<u>(16.587.284)</u>	<u>11.002.932</u>

5. Önnur framlög og styrkir

Önnur framlög og styrkir greinist þannig:

Neyðarsjóður	33.384.667	36.094.101
Rekstrarsjóður, auglýsingar vegna ABC blaðið og önnur framlög	35.732.903	20.772.141
Baukar	5.338.823	5.898.724
	<u>74.456.393</u>	<u>62.764.966</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	44.860.900	40.602.879
Lífeyrissjóður	5.541.678	4.150.514
Tryggingagjald	3.452.578	3.062.750
Önnur launatengd gjöld	732.867	657.752
Dagpeningar	540.000	387.905
	<u>55.128.023</u>	<u>48.861.800</u>

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	10	8
---	----	---

Skýringar, frh.:

7. Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá

Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá greinist þannig:	2018	2017
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa	41.771.349	39.176.735
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda	51.428.805	38.679.790
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan	5.515.087	34.347.402
Sent til ABC barnahjálpar í Burkina Faso	26.420.891	25.854.642
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum	15.775.940	12.065.311
Sent til Reach / Heimilis litlu ljósanna á Indlandi	0	11.885.529
Sent til Norrænu barnahjálparinnar vegna vettvangsþjónustu og eftirlits	10.788.234	8.743.163
Sent til Comforter Ministries á Indlandi	6.920.496	3.421.151
Sent til ABC barnahjálpar í Bangladesh	18.990.191	0
Fræðsla til barna á Íslandi	900.000	1.152.000
	<u>178.510.993</u>	<u>175.325.723</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Húsaleiga	21.699.544	14.054.514
Auglýsinga og kostnaður vegna fjáraflana	8.521.018	5.837.786
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld	5.205.913	5.241.341
Skrifstofukostnaður	4.640.497	4.155.320
Tölvukostnaður	3.403.961	3.763.804
Ferðakostnaður og vettfangsþjónusta	2.067.696	2.001.649
Húsnæðiskostnaður	1.852.029	1.768.876
Aðkeypt þjónusta	924.210	1.241.986
Gjafir og framlög	419.110	432.634
Tryggingar	109.568	124.475
Námskeið	118.253	116.000
Ýmis gjöld	288.795	613.480
	<u>49.250.594</u>	<u>39.351.865</u>

Á árinu var Nytjamarkaður ABC starfræktur á tveimur stöðum en einungis á einum stað á árinu 2017.

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig.	Hugbúnaður	Bifreið	Samtals
Heildarverð 1.1.2018	3.293.476	2.449.369	5.742.845
Afskrifað 1.1.2018	(1.515.116)	(244.937)	(1.760.053)
Bókfært verð 1.1.2018	1.778.360	2.204.432	3.982.792
Viðbætur ársins	3.423.558	0	3.423.558
Afskrifað á árinu	(1.001.051)	(489.874)	(1.490.925)
Bókfært verð 31.12.2018	4.200.867	1.714.558	5.915.425
Heildarverð 31.12.2018	6.717.034	2.449.369	9.166.403
Afskrifað samtals 31.12.2018	(2.516.167)	(734.811)	(3.250.978)
Bókfært verð 31.12.2018	4.200.867	1.714.558	5.915.425

Skýringar, frh.:

10. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:	2018	2017
Eigið fé 1.1.	29.993.746	9.686.758
Hagnaður ársins	1.669.785	20.306.988
Eigið fé 31.12.	<u>31.663.531</u>	<u>29.993.746</u>

Að tilmælum Þróunar og Samvinnustofnunar hefur félagið lagt til hliðar 12 millj.kr. á meðal handbærs fjár eru 12 millj. kr sem hugsað er sem varasjóður.

